Fax 5630610

**BÚSETI**
HÚSNÆÐISSAMVINNUFÉLAG

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/2072
komudagur 28.4.'98

Reykjavík 28. apríl 1998

Félagsmálanefnd Alþingis
Kristín Ástgeirsdóttir formaður
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Þrátt fyrir eindregin tilmæli hefur Búseta ekki verið gefinn kostur á fundi með Félagsmálanefnd Alþingis, til að gera grein fyrir umsögn sinni um frumvarpið um húsnæðismál og frumvarpið um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Búseti krefst þess að fá fund með nefndinni áður en hún afgreiðir frumvörpin frá sér til annarrar umræðu og bendir sérstaklega á tvennt í því sambandi:

Annars vegar að réttur Búseta til íbúðalána verður í mikilli óvissu, verði ekki gerðar breytingar á frumvarpinu um húsnæðismál.
Hins vegar mun við flutning s.k. tryggingarsjóðs til sveitarfélaganna eiga sér stað eignarupptaka sem nemur tugum milljóna, því öll framlög frá búsetafélögunum til þessa teljast jafnframt til varasjóða Búseta samkvæmt núgildandi lögum um húsnæðissamvinnufélög.
Alþingi stæði þar að hreinum lögbrotum.

Búseti hefur lagt áherslu á frestun þessara frumvarpa til haustsins og afgreiðsla þeirra nú í lokaönnum Alþingsins kann að verða óbætanlegt slys.

Virðingarfyllst,

f.h. Búseta

Reynir Ingibjartsson form. Búseta Rvk.

5262

HÁVALLAGÖTU 24 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 552 5788 · FAX 552 5749